

# Leikhólar

## Foreldrahandbók



2017

## **Velkomin í Leikskóla Fjallabyggðar - Leikhóla**

Kæru foreldrar barna á Leikhólum. Þessum bæklingi er ætlað að kynna ykkur hvernig við vinnum okkar starf í þágu ykkar og barnanna, hvernig leikskólinn er uppbyggður, hvaða starfsreglur og uppeldisstefnur við höfum tileinkað okkur og einnig hvaða réttindi og skyldur þið hafið á meðan börnin ykkar eru í leikskólanum.

### **Um leikskólann Leikhóla**

Leikskólinn Leikhólar tók til starfa í júní 1982 og var þá tveggja deilda leikskóli sem rúmaði 34 börn í einu. Leikskólinn var mörg fyrstu árin alveg tvísetinn þ.e. börnin sem komu að morgni voru í 4 tíma og önnur komu eftir hádegi frá klukkan 13:00-17:00. Með breyttum þjóðfélagsháttum breyttist eftirspurnin og farið var að sækjast eftir að börnin gætu verið lengur í leikskólanum, fengið þar morgunverð og hádegisverð o.s.frv. Árið 2007 var hafist handa við að byggja við leikskólann. Jafnframt var ráðist í mjög umfangsmiklar breytingar á eldra húsnæði skólans og það nánast allt endurnýjað. Leikskólinn er nú rúmlega 430 fermetrar. Hann er mjög vel tækjum búinn og aðstaða fyrir starfsfólk og börn til fyrirmyndar. Við leikskólann er stórt og gott leiksvæði en fyrirhugaðar eru miklar endurbætur á því á næstu árum. Frá Leikhólum er stutt að fara í vettvangs- og skoðunarferðir til dæmis að tjörninni, í fjöruna, að höfninni og svo framvegis.

Ólafsfjörður er sjávarpláss og nálægðin við sjóinn kemur glöggt fram. Eitt megineinkenni okkar byggðarlags að hér getur orðið mjög snjópungt og börnin alast upp við það að leiksvæðið okkar “týnist” oft svo mánuðum skiptir. Þá eru snjópoturnar dregnar fram og sköpunargleðin fær einnig að njóta sín með óþrjótandi byggingarefni í snjónum.

Vistunartími á Leikhólum er sveigjanlegur allt frá 4 tímum til 8,5 tíma. Leikskólinn er einsetinn og getur tekið á móti u.þ.b. 50 börnum í einu háð.

aldursdreifingu. **Deildir leikskólans eru þrjár og heita Álfhóll, Hulduhóll og Tröllahóll.**

Árið 2010 sameinuðust leikskólarnir í Fjallabyggð Leikhólar og Leikskálar í eina stofnun, Leikskóla Fjallabyggðar. Leikskólinn er eftir sem áður staðsettur á báðum stöðum og hvor eining um sig fær að halda sínum sérkennum og hefðum að svo miklu leyti sem rekstrarformið leyfir.

## **Starfstími leikskólans**

Leikskólinn er opinn frá kl. 07:45-16:15 alla virka daga. Leikskólinn er lokaður um helgar, alla helgidaga þjóðkirkjunnar og alla almenna frídaga. Þá er Leikskólinn einnig lokaður á aðfangadags- og gamlársmorgun.

Auk þess er leikskólinn lokaður þrjá virka daga ár hvert vegna skipulagsdaga hjá starfsfólki og þrjá daga á ári vegna endurmenntunar og starfsmannafunda.

Leikskólinn er lokaður í fjórar vikur ár hvert vegna sumarleyfa.

Vistunartími er sveigjanlegur frá fjórum tímum upp í átta og hálfan tíma.

Foreldrar semja um ákveðin vistunartíma þegar barnið byrjar í leikskólanum. Ef óskað er breytinga á vistunartíma er sótt um það á skrifstofu leikskólans.

**Foreldrar vinsamlega virðið umsamdan vistunartíma. Það þarf að greiða aukagjald ef barn er sótt of seint.**

## **Starfsfólk**

Á Leikhólum starfa nú 3 leikskólakennarar að leikskólastjóra meðtöldum. Einnig starfa þar leiðbeinendur við kennslu og uppeldi, iðjuþjálfari, sem hefur umsjón með sérkennslu og matráðum. Hér á eftir eru starfsheiti innan leikskólans talin upp og stutt lýsing á hverju starfi fyrir sig.

**Leikskólastjóri:** Stjórnar daglegu starfi leikskólans. Ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfseminni.

**Aðstoðarleikskólastjóri:** Hefur starfsaðstöðu á Leikskálum en kemur að stjórnun leikskólans ásamt leikskólastjóra. Er staðgengill leikskólastjóra í fjarveru hans.

**Deildarstjórar:** Bera ábyrgð á uppeldisstarfinu og barnahópnum á sinni deild í samráði við leikskólastjóra, svo og foreldrasamstarfi

**Leikskólakennarar og leiðbeinendur** vinna á deild að uppeldisstarfi með börnunum undir stjórn deildarstjóra og leikskólastjóra.

**Matráður** sér um að útbúa morgunverð, hádegisverð og síðdegishressingu fyrir börnin og það starfsfólk sem matast með þeim. Hann sér einnig um matarinnkaup, matseðlagerð og hefur umsjón með þvottahúsi leikskólans

**Iðjupjálfi** hefur umsjón með sérkennslu og þjálfun þeirra barna sem á þurfa að halda.

**Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu.**

### **Stjórnskipan leikskóla**

Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forustu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðiþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélagi. Sveitarfélög setja almenna stefnu um leikskólahald í sveitarfélagi og kynna fyrir íbúum þess.

Nefnd, kjörin af sveitarstjórn, fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Leikskólastjórnendur sitja fundi nefndarinnar þegar málefni leikskólans eru til umfjöllunar. Starfsfólk leikskóla og foreldrar kjósa hvor úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Fræðslu- og frístundanevnd fer með málefni allra skólastiga í Fjallabyggð. Fundagerðir fræðslu- og frístundanevndar eru aðgengilegar á heimasíðu Fjallabyggðar <http://www.fjallabyggd.is>

### **Foreldrafélag**

Foreldrafélag er starfrækt í leikskólanum og ganga foreldrar sjálfkrafa í það. Tilgangur félagsins er:

- Að vinna að velferðarmálum barna.
- Að auka samskipti og samstarf foreldra, barna og starfsfólks Leikhóla.

Foreldrafélagið hefur aðstoðað við árlega grillveislu, sem er haldin skömmu fyrir sumarlokun leikskólans. Einnig hefur félagið staðið fyrir því að fá í bæinn brúðuleikhús og ýmsar leiksýningar fyrir börn.

## **Leikskólastarfið**

### **Aðalnámskrá – uppeldisstefna leikskóla**

Leikskólinn Leikhólar byggir starf sitt á Aðalnámskrá fyrir leikskóla sem tók gildi 2011. Aðalnámskrá leikskóla er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum og byggist á markmiðslýsingu laga um leikskóla og reglugerð um starfsemi leikskóla. Námskráin er leiðarvísir fyrir alla sem vinna að uppeldi og menntun barna í leikskólum og er sveigjanlegur rammi um störf þeirra. Aðalnámskrá geymir einnig upplýsingar og viðmiðun fyrir foreldra til að þeir geti fylgst með vinnu í leikskólum og árangri starfsins. Á grundvelli þessa leiðarvísis á sérhver leikskóli að gera eigin skólanámskrá.

Skólanámskrá Leikskóla Fjallabyggðar er aðgengileg á vef leikskólans.

### **Námssvið leikskóla**

Í Aðalnámskrá er lögð áhersla á eftirfarandi grunnþætti menntunar:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Starfið í leikskólanum skal taka mið af þessum grunnþáttum og vera skipulagt þannig að þeir fléttist inn í daglegar athafnir og venjur. Nánari útfærslu má lesa í skólanámskránni okkar sem heitir Leikur að læra og er aðgengileg á vef leikskólans.

### **Daglegt starf**

## Útbúnaður

Barnið þarf að hafa meðferðis aukaföt og þann hlífðarfatnað til útiveru sem það hugsanlega þarf að nota hverju sinni. Ef barnið notar bleiur þarf að hafa þær meðferðis.

Í leikskólanum er unnið með ýmis efni og áhöld sem geta skemmt föt. Því mælum við með því að barnið sé ekki í fötum sem ykkur er sérstaklega sárt um.

Það sem barnið þarf að hafa með sér:

- Nærbuxur, sokkar, buxur og bolur eða létt peysa. Þessi föt geymum við í körfu barnsins á baðherbergi.
- Pollaföt/hlífðargalli.
- Vettlingar, ullarsokkar, húfa. Gott er að barnið hafi ávalt meðferðis eina aukavettlinga.
- Hlý peysa
- Inniskór, því oft er bleyta á gólfum í fataherbergjum og á veturna eru gólfín í eldri hluta leikskólans köld.

Hólf barna þarf aðeins að tæma á föstudögum. **Vinsamlega merkið allan fatnað barnanna vel.**

## Veikindi

Leikskólinn er ekki ætlaður veikum börnum frekar en aðrir skólar. Veik börn eru viðkvæm og vansæl og geta ekki tekið þátt í starfsemi leikskólans. Foreldrar eru beðnir að tilkynna ef barnið er veikt. Eftir veikindi getur barnið fengið að vera skemmri stund úti í 1-2 daga en ekki er í boði að halda börnum inni.

## Sníkjudýrasmit

Greinist njálgur eða kláðamaur hjá barni ætti öll fjölskyldan að fá meðferð. Daginn eftir meðferð er smithættan liðin hjá og barnið má koma aftur í leikskólann. Ef upp kemur lús er mikilvægt að foreldrar láti leikskólann vita þannig að forvarnir geti hafist strax.

## Slys og tryggingar

Í barnahópi geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir er strax haft samband við foreldra og farið með barnið á heilslugæslu ef þörf er talin á því. Þurfi barn að leita læknis eða tannlæknis eftir slys í leikskólanum greiðir leikskólinn fyrir tímenn. Börn í Leikskóla Fjallabyggðar eru slysatryggð á meðan þau dvelja í leikskólanum.

## Leikurinn

Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins í leikskólanum. Börn á leikskólaaldri læra mest og best í gegn um leik. Leikurinn er þannig hvort tveggja vinna þeirra og

nám. Í frjálsum leik virkjar barnið ímyndunarafl sitt og eykur félagslega færni í samskiptum við jafningja sína..

### **Hópastarf**

Markmið með hópastarfi er að börnin læri að starfa saman í hóp að sameiginlegu markmiði. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og þroska og sami starfsmaðurinn fylgir hópnum eftir allan veturinn.

### **Afmæli**

Þegar barn á afmæli gerum við handa því afmæliskórónu og blöðru og syngjum afmælissönginn. Einu sinni í mánuði er afmældagur mánaðarins. Afmælisbörn þess mánaðar hjálpa matráðnum að skreyta kökur sem síðan er boðið upp á á deildunum. Afmælisbörnin sitja í öndvegi og fá sérstakt afmælisglas og kveikt er á kerti.

### **Grillveisla**

Hún er haldin áður en farið er í sumarfrí. Við grillum pylsur úti, áður skreytum við garðinn með blöðrum og ýmsu öðru. Foreldrafélagið hefur hjálpað okkur að undirbúa grillveisluna og séð um að grilla ofan í mannskapinn af miklum myndarbrag.

### **Jólafondur**

Jólaundirbúningurinn hjá okkur byrjar vanalega með því að foreldrar og börn koma saman í byrjun aðventu, og mála piparkökur sem börnin hafa bakað. Í desember reynum við að skapa rólegt andrúmsloft. Við setjumst saman daglega kveikjum á kerti og syngjum jólalög. Undirbúningi jólanna lýkur síðan með jólaballi. Þá koma jólasveinar í heimsókn, dansa með okkur í kring um jólatréð og útbyta pökkum.

### **Öskudagur**

Öskudagurinn er alltaf fjörugur hjá okkur. Þá mæta börn og starfsfólk í grímubúningum og svo erum við með grímuball í salnum.

## **Sérfræðipjónusta**

Leikskólinn hefur aðgang ýmsum sérfræðingum sem veita ráðgjöf og aðstoð sé þess óskað. Má þar nefna sálfræðing, talmeinafræðing, iðjuþjálfar og þroskaþjálfar. Nemendaverndarráð hefur milligöngu um slíka þjónustu. Í nemendaverndarráði er heilsugæsluhjúkrunarfræðingur, umsjónarmaður með sérkennslu leikskólans,

leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Einnig situr deildarstjóri þess barns sem um ræðir hverju sinni oft þessa fundi. Leikskólastjóri og umsjónarmaður með sérkennslu eru tengiliðir milli foreldra og nemendaverndarráðs.

### **Nokkrir minnispunktar**

- ✚ Af öryggisástæðum verður alltaf að loka millihurðinni þegar fólk kemur inn í húsið.
- ✚ Farið ekki fyrr en barnið er komið í umsjón starfsmanns.
- ✚ Látið alltaf vita ef barnið kemur ekki á leikskólann.
- ✚ Mikilvægt er að hægt sé að ná í foreldra ef barn veikist eða slasast. Vinsamlega tilkynnið ef símanúmer breytist.
- ✚ Yngri börn en 10 ára fá ekki að sækja börn í leikskólann. Þeir sem sækja barnið verða að vera færir um að klæða það í útiföt þar sem starfsfólk hefur ekki alltaf aðstæður til að hjálpa þeim sem koma að sækja.

Foreldrar, við viljum gjarna að þið látið okkur vita bæði ef eitthvað er sem ykkur finnst að megi betur fara og ekki síður ef vel er gert.

Við vonum að þessi bæklingur hafi gefið ykkur svör við mörgum spurningum og reynist ykkur hagnýtur á meðan barn ykkar er í leikskólanum.

**Með ósk um gott samstarf.  
Starfsfólk Leikhóla.**